

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. apríl 2017
2017030022/42-0
KJ, TB
jgo/tb

Frummatsskýrsla Kröflulínu 3 Skútustaðahreppi, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi, umsögn

Við er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. mars. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um Kröflulínu 3, Skútustaðahreppi, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Að mati stofnunarinnar eru helstu áhrif Kröflulínu á landslag og víðerni og svo vegna slóðagerðar. Þau áhrif sem ekki eru sjónræn eru helst á jarðmyndanir og lífríki vegna slóða og uppsetningu mastra. Miðað við eðli framkvæmdarinnar þá telur Náttúrufræðistofnun að henni sé að mestu leiti nægjanlega vel lýst til að hægt sé að meta áhrif línunnar og taka ákvarðanir um hana m.a. milli valkosta hvað varðar línuleiðir svo og milli mismunandi gerða af möstrum svo meta megi sjónræn áhrif. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á nokkur atrið sem bætur mættu fara í matsskýrslu.

Athugasemdir

1. Í skýrslunni er mikið stuðst við Corrine landflokkunarkerfið. Nú þegar vistgerðarkort liggja fyrir færi betur á að nota þau til að meta áhrif t.d. slóðagerðar/staðsetningu mastra á gróður/vistgerðir t.d. votlendi í stað mun grófari korta Corrine landflokkunarkerfisins.
2. Vegna slóðagerðar virðast ekki vera neinir valkostir heldur fullyrt að það þurfi allstaðar að vera slóðar og slóðar að hverju mastri. Í kafla um slóðagerð er ekki að finna umfjöllun um aðra flutningsmöguleika en þá sem gera ráð fyrir að hafa slóða meðfram svo til allri línunni. Til dæmis er ekki fjallað um hvort það sé mögulegt að nota önnur tæki en hingað til hefur verið gert, t.d. sérstaklega útbúin flutningstæki, svo slóðar verði víða óþarfir.
3. Samkvæmt frummatsskýrslunni kemur fram að auka á rannsóknir til að meta áflug fugla á háspennulínur og tekur Náttúrufræðistofnun undir að þörf sé á því.
4. Lýsing á jarðfræði er greinargóð en þó virðist vanta talsvert upp á þekkingu austan Jökulsár á Fjöllum sem er miður því framkvæmdin mun hafa talsverð áhrif á laus jarðlög á svæðinu sérstaklega vegna efnistöku. Jarðlögin endurspeglu hörfunarsögu ísaldarjökuls og landmótun



á nútíma. Rétt er að benda á að í jarðfræðiviðauka bls. 9 segir: *Hörfunarsaga meginjökulsins hefur enn ekki verið rakin nákvæmlega á þessum slóðum, en margir jarðfræðingar hafa lýst hlutum af leiðinni og nálægum svæðum og er vitnað til þeirra í heimildalista.* Eftir því sem Náttúrufræðistofnun kemst næst er í heimildalista hins vegar getið fjölda rita sem fjalla um jarðfræði Reykjaneskaga og SV-lands, en svo til ekkert um norðausturland.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

